



Samgöngunefnd
Nefndarsviði Alþingis
Austurstræði 8-10

150 – REYKJAVÍK

HGS/

Rvk. 28.11.2001

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um leigubifreiðar, 167. mál.

Þetta mál er frumvarp til heildarlaga. Samkvæmt frumvarpinu færist öll stjórnsýsla og umsýsla málaflokksins til Vegagerðar ríkisins. Þar með verður útgáfa atvinnuleyfa í höndum Vegagerðarinnar í stað þess að vera hjá þremur stéttarfélögum leigubifreiðastjóra á höfuðborgarsvæðinu.

Samtök atvinnulífsins telja eðlilegt að færa stjórnsýslu málaflokksins til Vegagerðarinnar. SA vilja þó gera athugasemdi við 5. gr. laganna sem fjallar um skilyrði fyrir atvinnuleyfi. Þar er bætt við skilyrði frá núgildandi lögum um að veiting atvinnuleyfis sé háð því að viðkomandi stundi leiguakstur að aðalatvinnu. Ekki verður séð að þessi takmörkun stuðli að því markmiði laganna að veita góða þjónustu þar sem eftirspurn er afar sveiflukennd. Þá verður ekki hjá því komist að gera athugasemd við hugtakanóktun í greininni og nota hugtakið kynferðisafbrot í stað skírlífisbrot í samræmi við heiti XXII kafla almennra hegningarlaga.

Í lögunum er ekki með skýrum hætti fjallað um rétt leigubifreiða á svokölluðum takmörkunarsvæðum. SA telja eðlilegt að lögin kveði skýrt á um að leigubifreið sem aki farþegum frá einu takmörkunarsvæði til annars hafi heimild til að flytja farþega sömu leið til baka. Dæmið sem haft er í huga er að akstur til og frá Flugstöðinni. Lögin þurfa að veita skýra heimild til þess að leigubifreiðir geti flutt farþega báðar leiðir.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri